

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/2067****2025/EES/10/46****frá 31. júlí 2024****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013 að því er varðar að fella færslur SF-001 til SF-010 brott úr skrá Sambandsins yfir leyfð reykbragðefni á forstigi framleiðslu (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2065/2003 frá 10. nóvember 2003 um reykbragðefni sem eru notuð eða eru ætluð til notkunar í eða á matvælum ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 18. gr.*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 2065/2003 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja reykbragðefni, sem eru færð á skrá Sambandsins yfir leyfð reykbragðefni á forstigi framleiðslu (hér á eftir nefnd skrá Sambandsins), á markaði Sambandinu.
- 2) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2013 ⁽²⁾ er tekin saman skrá Sambandsins og mælt fyrir um leyfð reykbragðefni á forstigi framleiðslu, forskriftir þeirra og notkunarskilyrði. Leyfin fyrir reykbragðefnunum SF-001 til SF-010 á forstigi framleiðslu giltu í 10 ár frá 1. janúar 2014 og voru endurnýjanleg til 10 ára í senn að fenginni umsókn frá leyfishafa til framkvæmdastjórnarinnar.
- 3) Að því er varðar reykbragðefnin SF-007 og SF-010 á forstigi framleiðslu voru ekki lagðar fram neinar umsóknir um endurnýjun á leyfinu og leyfið rann út 1. janúar 2024.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/2067, 1.8.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 309, 26.11.2003, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2003/2065/oj>.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2013 frá 10. desember 2013 um skrá Sambandsins yfir leyfð reykbragðefni á forstigi framleiðslu, til notkunar sem slík í eða á matvæli og/eða til framleiðslu á afleiddum reykbragðefnum (Stjtið. ESB L 333, 12.12.2013, bls. 54, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2013/1321/oj).

- 4) Að því er varðar reykbragðefnin SF-001, SF-002, SF-003, SF-004, SF-005, SF-006, SF-008 og SF-009 á forstigi framleiðslu voru umsóknir um endurnýjun á leyfi lagðar fram í júní 2022. Framkvæmdastjórnin synjaði um endurnýjun á leyfi fyrir reykbragðefnin SF-001, SF-002, SF-003, SF-004, SF-005, SF-006, SF-008 og SF-009 á forstigi framleiðslu með framkvæmdarákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2071 ⁽³⁾, (ESB) 2024/2066 ⁽⁴⁾, (ESB) 2024/2073 ⁽⁵⁾, (ESB) 2024/2072 ⁽⁶⁾, (ESB) 2024/2079 ⁽⁷⁾, (ESB) 2024/2078 ⁽⁸⁾, (ESB) 2024/2069 ⁽⁹⁾ og (ESB) 2024/2077 ⁽¹⁰⁾.
- 5) Þar eð þessi tíu reykbragðefni á forstigi framleiðslu eru ekki lengur leyfð þykir rétt að fella viðkomandi færslur brott úr skrá Sambandsins.
- 6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013 til samræmis við það.
- 7) Í ljósi áhyggna Matvælaöryggisstofnunar Evrópu í tengslum við reykbragðefnin SF-001, SF-002, SF-003, SF-004, SF-005, SF-006, SF-008 og SF-009 á forstigi framleiðslu og einnig þeirrar staðreyndar að reykbragðefni á forstigi framleiðslu eru mikið notuð í margs konar matvæli og að öll leyfi fyrir notkun á reykbragðefnum á forstigi framleiðslu til að gefa reykbragð eða, í sumum tilvikum, fyrir notkun í staðinn fyrir hefðbundið reykingarferli eru útrunnin eða hafa ekki verið endurnýjuð ætti þó að innleiða viðeigandi ráðstafanir, sem eru aðlagðar að mismunandi notkunarsviðum reykbragðefna á forstigi framleiðslu, til að gera stjórnendum matvælafyrirtækja kleift að finna staðgöngukosti.
- 8) Það ætti að vera heimilt að setja matvæli í flokkum 1.7. (Ostur og ostaafurðir), 8. (Kjöt), 9.2. (Unninn fiskur og lagarfurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr), 9.3. (Fiskhrogn) og samsvarandi undirflokkum, sem þessum reykbragðefnum á forstigi framleiðslu er bætt við og sem samræmast ákvæðum sem mælt var fyrir um fyrir þessi reykbragðefni á forstigi framleiðslu í skrá Sambandsins fyrir 21. ágúst 2024, á markað til 1. júlí 2029 og að þau verði áfram á markaði til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags þar eð notkun á reykbragðefnum á forstigi framleiðslu í eða á slíkum matvælum kemur í staðinn fyrir hefðbundin reykingarferli og aðlögun vinnsluferla getur útheimt verulega fjárfestingu og, í sumum tilvikum, tímafreka stjórnsýslumeðferð.
- 9) Það ætti að vera heimilt að setja matvæli í öllum öðrum flokkum sem þessum reykbragðefnum á forstigi framleiðslu er bætt í og sem samræmast ákvæðum sem mælt er fyrir um fyrir þessi reykbragðefni á forstigi framleiðslu í skrá Sambandsins fyrir 21. ágúst 2024 á markað til 1. júlí 2026 og að þau verði áfram á markaði til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags til að stjórnendur matvælafyrirtækja, sem nota þessi reykbragðefni á forstigi framleiðslu, hafi nægan tíma til að aðlaga matvælauppskriftir sínar.
- 10) Af sömu ástæðu ætti að vera heimilt að setja blöndur sem innihalda þessi reykbragðefni á forstigi framleiðslu og eru ekki ætlaðar til neyslu sem slíkar á markað fram að þeim dagsetningum sem settar eru fram fyrir matvælin sem þau eru ætluð fyrir.

⁽³⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2071 frá 31. júlí 2024 um að synja um endurnýjun á leyfi fyrir Scansmoke PB 1110 (SF-001) sem reykbragðefni á forstigi framleiðslu (Stjtið. ESB L 2024/2071, 1.8.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/2071/oj).

⁽⁴⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2066 frá 31. júlí 2024 um að synja um endurnýjun á leyfi fyrir Zesti Smoke Code 10 (SF-002) sem reykbragðefni á forstigi framleiðslu (Stjtið. ESB L 2024/2066, 1.8.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/2066/oj).

⁽⁵⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2073 frá 31. júlí 2024 um að synja um endurnýjun á leyfi fyrir Smoke Concentrate 809045 (SF-003) sem reykbragðefni á forstigi framleiðslu (Stjtið. ESB L 2024/2073, 1.8.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/2073/oj).

⁽⁶⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2072 frá 31. júlí 2024 um að synja um endurnýjun á leyfi fyrir Scansmoke SEF 7525 (SF-004) sem reykbragðefni á forstigi framleiðslu (Stjtið. ESB L 2024/2072, 1.8.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/2072/oj).

⁽⁷⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2079 frá 31. júlí 2024 um að synja um endurnýjun á leyfi fyrir SmokEz C-10 (SF-005) sem reykbragðefni á forstigi framleiðslu (Stjtið. ESB L 2024/2079, 1.8.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/2079/oj).

⁽⁸⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2078 frá 31. júlí 2024 um að synja um endurnýjun á leyfi fyrir SmokEz Enviro-23 (SF-006) sem reykbragðefni á forstigi framleiðslu (Stjtið. ESB L 2024/2078, 1.8.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/2078/oj).

⁽⁹⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2069 frá 31. júlí 2024 um að synja um endurnýjun á leyfi fyrir ProFagus-Smoke R709 (SF-008) sem reykbragðefni á forstigi framleiðslu (Stjtið. ESB L 2024/2069, 1.8.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/2069/oj).

⁽¹⁰⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2077 frá 31. júlí 2024 um að synja um endurnýjun á leyfi fyrir Fumokomp (SF-009) sem reykbragðefni á forstigi framleiðslu (Stjtið. ESB L 2024/2077, 1.8.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/2077/oj).

- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Færslurnar fyrir SF-001, SF-002, SF-003, SF-004, SF-005, SF-006, SF-007, SF-008, SF-009 og SF-010 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013 falla brott.

2. gr.

1. Matvæli sem innihalda reykbragðefnin SF-001, SF-002, SF-003, SF-004, SF-005, SF-006, SF-008 eða SF-009 á forstigi framleiðslu, sem samræmast ákvæðunum sem mælt er fyrir um fyrir þessi reykbragðefni á forstigi framleiðslu í skrá Sambandsins fyrir 21. ágúst 2024, má áfram segja á markað og hafa þau áfram á markaði til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags ef þau eru sett á markað fram að eftirtöldum dagsetningum:

- a) 1. júlí 2029 að því er varðar matvælaflokka 1.7. (Ostur og ostaafurðir), 8. (Kjöt), 9.2. (Unninn fiskur og lagarfurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr), 9.3. (Fiskhrogn) og samsvarandi undirflokka,
- b) 1. júlí 2026 að því er varðar alla aðra matvælaflokka.

2. Blöndur sem innihalda reykbragðefni SF-001, SF-002, SF-003, SF-004, SF-005, SF-006, SF-008 eða SF-009 á forstigi framleiðslu og eru ekki ætlaðar til neyslu sem slíkar má setja á markað fram til 1. júlí 2029, til notkunar í þá matvælaflokka sem eru tilgreindir í a-lið 1. mgr., og fram til 1. júlí 2026 fyrir alla aðra matvælaflokka.

Að því er varðar þessa málsgrein merkir „blöndur“ blöndur af reykbragðefnum eða blöndur af einu eða fleiri reykbragðefnum og öðrum innihaldsefnum matvæla, s.s. bragðefnum, matvælaaukefnum, ensínum eða burðarefnum, til að auðvelda geymslu þeirra, sölu, stöðlun, þynningu eða uppleysingu.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.